

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 2. febrúar 2018.



4. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum og á fjarfundi.

Una Hildardóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir rituðu fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Ingvar Arnarson, Daníel Arnarson, Einar Bergmundur Þorgerðar- og Bóasarson og Ragnar Karl Jóhannsson og Anna Guðrún Þórhallsdóttir. Á fjarfundi: Ingibjörg Þórðardóttir, Edward Huijbens og Sóley Björk Stefánsdóttir. F.h. starfsfólks Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lía Björnsdóttir og Berþóra Benediksdóttir. F.h. þingflokks; Kolbeinn Óttarsson Proppé og Kári Gautason. Fh. EVG: Þóra Elfa Björnsson. F.h UVG: Valgerður Bláklukka Fjölvisdóttir.

Fundur settur kl. 15.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Stjórn málaástandið. Katrín Jakobsdóttir og Kolbeinn Óttarson Proppé fóru yfir stöðu mála í þinginu.
Katrín fór yfir góðan flokksráðsfund sem haldinn var síðustu helgi. Hægt að vinna áfram samtal milli félaga og þingflokks, sérstaklega vegna ríkisstjórnarsamstarfs. Farið yfir mál dómsmálaráðherra, undirbúningur fyrir fjármálaáætlun og samtal við aðila vinnumarkaðarins. Stjórnarmenn ræddu stöðuna í stjórn máli í dag og málin framundan inni á þingi, lækkun kosningaraldurs og Hvalárvirkjun.
3. Ráðning miðlægs starfsmanns kosningabaráttu. Berglind Häsler hefur verið ráðin sem miðlægur starfsmaður vegna sveitarstjórnarkosninga. Hún verður í 50% starfi við að undirbúa framboð á landsvísu.
4. Staða sveitarstjórnarmála eftir flokksráðsfund og samráð við sveitarstjórnarráð vegna kosninganna.

Stefnt að því að samræma 3-5 stefnumál sem verða notuð út um allt land. Sóley leggur til að starfshópur sem Óli Halldórsson lagði til verði

sett á laggirnar. Sóley er ánægð með þá vinnu sem fór fram á fundi sveitarstjórnaráðs og á flokksráðsfundi. Mikil stemning fyrir meiri samvinnu sveitastjórnafulltrúa að sameiginlegum áheyrslum. Lagt til að hópurinn skili inn sameiginlegum tillögum fyrir næsta stjórnarfund. Ingibjörg lýsir áhyggjum sínum yfir stöðu VG á Austurlandi. Hún kallar eftir því að einhver taki það að ser að ræða við Samfylkinguna um að viðurkenna að listar sem nú eru í boði séu sameiginlegir listar VG og Samfylkingar.

Álfheiður Ingadóttir tekur sæti á fundi kl. 16.00.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundi kl. 16.08.

Daníel Arnarson tekur sæti á fundi kl. 16.15.

Gerð hefur verið úttekt á kosningaþátttöku innflytjenda og ungs fólks hjá Reykjavíkurborg. Mikilvægt að sú vinna skili sér í framboð okkar í næstu kosningu. Elínu er falið að koma skýrslunni ásamt ábendingum til stjórnaráðs, til skrifstofu og miðlægs starfsmanns. Staðan er misjöfn milli landsvæða. Mikilvægt að undirbúa jarðvegin vída um land fyrir framboð. Ræða þarf málefni sameiginlegra framboða sérstaklega. Mikilvægt að kynna nýtt fólk til sögunnar í komandi sveitarstjórnarkosningum og sýna mikla breidd.

5. Rafrænt forval í Reykjavík. Skipulag, kjörfundur, kjörskrá og tilhögun. Steinar Harðarsson, formaður VGR fór yfir ákvarðanir kjörnefndar og tímasetningar, auglýsingar forvals og hugsanleg álitafni því tengd. Framboðsfrestur rennur út þann 3. febrúar nk. Rafrænt forval fer fram í Reykjavík þann 24. febrúar nk. Hægt verður að auðkenna sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Boðið verður upp á aðstoð við rafræna kosningu á skrifstofunni á kjördag. Utankjörfundur verður auk þess í boði á skrifstofunni 20-24 febrúar.
6. Fjárstyrkir VG til framboða vegna sveitarstjórnarkosninga. Ræða þarf fjárstyrki um framboða til sveitarstjórnarkosninga. Björg Eva kynnir hvernig styrkjum hefur verið háttað í gegnum tíðina. Styrkveitingum hefur verið háttað þannig að tekið er mið af stærð framboða og styrkir hafa verið hærri til hreinna VG framboða. Einnig er lagt til að hreyfingin styrki kjördæmisráðin þó svo að ekki séu alþingiskosningar á þessu ári. Lagt til að styrkja félögin um fimm hundruð

púsund hvort. Reykavík fær 1,5 framlag þar sem þar eru tvö kjördæmi. Endanleg fjárhagsáætlun fyrir 2018 verður lögð fram á næsta stjórnarfund. Katrínu, Unu, Sóleyju Björk og Björgu Evu falið að útbúa tillögu að fjárstyrkjum til framboða fyrir næsta stjórnarfund.

7. Sameiginlegur stjórnarfundur VG og þingflokks VG.

Þingflokkur telur bestu dagsetningu fyrir sameiginlegan fund stjórnar og þingflokks vera þann 11. maí nk. Þá verður þingið farið í leyfi og möguleiki á því að funda saman á Akureyri. Stjórn samþykkir að stefna að sameiginlegum fundi á Akureyri þann 11. maí næstkomandi.

8. „Metoo“ og hvað svo? Eftirfylgni og aðgerðir til að bæta menningu og koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi á vettvangi VG. Anna Lísá kynnir vinnu í kjölfar Metoo fundar. Unnið á þverpólitískum vettvangi að sameiginlegum línunum varðandi siðareglur fyrir stjórnmalaflokka. Einnig er hugmynd um að styðja flokkana við að koma á fót trúnaðarráðum til að taka á þeim málum sem upp gætu komið. Fagrað skipað fagaðilum sem gæti tekið á þeim málum sem upp koma og veitt brotabólum stuðning. Vinna þarf bæði gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi að fullri alvöru innan okkar hreyfingu. Starfshópur skipaður af Unu Hildardóttur, Ingvari Arnarsyni og Ingibjörgu Þórðardóttur ásamt Önnu Lísu Björnsdóttur um endurskoðun aðgerðaráætlunar Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs gegn einelti og kynbundnu ofbeldi. Hópurinn mun fara yfir áætlunina með athugasemdir sem komið hafa fram í tengslum við #metoo byltinguna til hliðsjónar. Umræða þarf að fara fram innan hreyfingarinnar á breiðum grundvelli, til dæmis á opnu málþingi, og ný aðgerðaáætlun verður svo kynnt flokksráði á fundi ráðsins í ágúst þar sem hún verður borin upp til samþykktar.

9. Saga Vinstri grænna. Hreyfingin fagnar 20 ára afmæli á næsta ári. Upp hefur komið sú hugmynd að skrá sögu af þessu tilefni. Höldum upp á afmælið með glæsilegri afmælishátíð. Samhliða því yrði gefin út saga hreyfingarinnar í litlu riti eða rafrænu formi. Katrín Jakobsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Anna Guðrún Þórhallsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon skipa ritnefnd til að undirbúa þetta verkefni.

10.Önnur mál.

Ritsjórn: Samþykkt að Daníel Arnarson, Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Hólm, Einar Ólafsson Álfheiður Ingadóttir og Óli Halldórsson skipi nýja ritstjórn VG.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 2. mars 2018.

Fundi slitið kl. 17.30